

## Fundargerð

### 278. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 30. apríl 2020, kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

#### Dagskrá:

#### 1. Umræður um áætlanir vegna COVID-19 - 2003016

Óvæntar utanaðkomandi aðstæður vegna áhrifa COVID-19 heimsfaraldurs fela í sér ýmiskonar óvissu og áskoranir í rekstri sveitarfélaga. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri fóru yfir næmnigreiningu á rekstri sveitarfélagsins og lögðu fram ákveðnar sviðsmyndir um möguleg áhrif forsendubreytinga á gildandi fjárhagsáætlun 2020.

Gert er ráð fyrir að einhver lækkun verði á útsvarstekjum sveitarfélagsins og að óbreyttu einnig á framlögum úr Jöfnunarsjóði, þó veruleg óvissa ríki um þróun þessara tekjustofna. Fasteignaskattur lækkar hins vegar ekki, enda þarf lagabreytingu til að heimilt sé að breyta álagningu hans eftir. Eftirfarandi þrjár sviðsmyndir voru lagðar fram:

Tilvik 1: Samdráttur útsvars og fleiri tekjustofna um 2% sem þýðir 18 millj.kr.

Tilvik 2: Samdráttur útsvars og fleiri tekjustofna um 5% sem þýðir 41 millj.kr.

Tilvik 3: Samdráttur útsvars og fleiri tekjustofna um 8% sem þýðir 65 millj.kr.

Ófangreindar sviðsmyndir sýna neikvæða rekstrarniðurstöðu sem kallar á aukna lántöku á árinu frá 40 til 80 millj.kr. Um er að ræða grófa mynd um hugsanlegar breytingar á rekstrarafkomu og sjóðstreymi sveitarfélagsins en ekki fullbúna áætlun. Áfram verður unnið með sviðsmyndirnar og staðan metin hverju sinni.

Lagðar fram tölur um þróun atvinnuleysis á Norðurlandi eystra frá Vinnumálastofnun. Í Þingeyjarsveit var atvinnuleysi 7,1% í mars en áætlanir gera ráð fyrir 13,6% í apríl og 11,1% í maí.

Umræða tekin um sumarstörf ungmenna og skólafólks sem hafa unnið við ferðapjónustu yfir sumartímann en ljóst er að mun minna framboð verður á störfum í þeim geira.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hefja undirbúningsvinnu um vinnuúræði fyrir ungt fólk og að vinnuskóli sveitarfélagsins verði starfræktur fyrir ungmenni á aldrinum 14-17 ára í júní, júlí og ágúst á komandi sumri. Tillögur verði lagðar fyrir*

*næsta fund sveitarstjórnar til afgreiðslu.*  
*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fara í sérstakt átaksverkefni með Mývatnsstofu um markaðssetningu svæðisins vegna ferðalaga innanlands.*  
*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða aukið fjármagn til Nýsköpunar í Norðri vegna verkefna sem skapa störf strax í sumar. Undirbúningsvinna og útfærsla stendur yfir og tillögur verði lagðar fyrir næsta fund sveitarstjórnar til afgreiðslu.*  
*Aður hefur sveitarstjórn samþykkja frestun fasteignagjalda og að halda óbreyttri framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins.*

## **2. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. - Lánasamningur nr. 2004\_35 - 1911006**

Lánssamningur nr. 2004\_35 frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. tekinn til afgreiðslu.

*Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 60.000.000 með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórn hefur kynnt sér.*

*Sveitarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstóll, vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.*

*Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum við skóla, stjórnarsýslu og gatnagerð auk afborgana eldri lána hjá sjóðnum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Dagbjörtu Jónsdóttur, sveitarstjóra, kt. 250168-5359, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Þingeyjarsveitar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.*

## **3. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerðir - 1804018**

Lögð fram fundargerð 124. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 16.04.2020. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

*1. liður fundargerðar; Breiðamýri, lóðastofnun.*

*Sveitarstjórn samþykkir lóðastofnunina og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna hennar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um. Sigríður Hlynur sat hjá við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.*

*2. liður fundargerðar; Hlíðarendi land, lóðastofnun og breyting nafns á lóð.*

*Sveitarstjórn samþykkir lóðastofnunina og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna hennar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um. Einnig samþykkir sveitarstjórn nafnabreytingu lóðarinnar og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna hennar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.*

*Fundargerðin staðfest að öðru leyti.*

## **4. Félags- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1804034**

Lögð fram fundargerð 64. fundar Félags- og menningarmálanefndar frá 24.04.2020. Sigríður Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

**5. Landsnet hf.; Samningar um uppgjör fébóta - 2003022**

Lagðir fram að nýju þrír samningar milli Landsnets hf. og Þingeyjarsveitar um uppgjör fébóta á grundvelli 21. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, vegna landsréttinda í þágu Hólasandslínu 3, 220 kV háspennulínu. Þingeyjarsveit er þinglýstur eigandi 100% jarðarinnar Snæbjarnastaðir, 100% jarðarinnar Tunga og 50% jarðarinnar Sörlastaðir en Landsnet hf. á nú í viðræðum við landeigendur vegna línulagnar Hólasandslínu 3. Heildarupphæð fébóta fyrir landnot jarðanna þriggja er kr. 24.990.333,-

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samninga og felur sveitarstjóra að skrifa undir þá.*

**6. Niðurfelling fasteignagjalda; Erindi - 2004013**

Lagt fram erindi frá Elínu Björk Einarsdóttur, dags. 21.04.2020 þar sem hún óskar eftir heimild til þess að fella niður fasteignagjöld fyrir árið 2020 af „Stóru-Lauga húsinu“ fastanúmer 222-7654. Húsið var byggt árið 1897 og er því 123 ára gamalt.

Með vísan í 19. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar segir að heimilt sé að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum. Minjastofnun skal með sannarlegum hætti tilkynna landeiganda, húseiganda, hlutaðeiganda lögreglustjóra og bæjar- eða sveitarstjórn ákvörðun um friðlýsingu.

*Þar sem ekki hefur borist tilkynning um friðlýsingu eignarinnar getur sveitarstjórn ekki samþykkt erindið að svo komnu máli. Um er að ræða friðað hús en aðeins er heimilt að fella niður fasteignagjöld af friðlýstum húsum. Sveitarstjórn felur byggingafulltrúa að hafa samband við eigendur um næstu skref.*

*Ásvaldur yfirgaf fundinn eftir afgreiðslu þessa liðar.*

**7. Lagning göngu- og hjóltreiddastíga í sveitarfélaginu; Erindi - 2004012**

Lagt fram erindi frá Helgu Sigurbjörgu Gunnarsdóttur, dags. 13.04.2020 þar sem hún leggur til að sveitarstjórn íhugi alvarlega uppbyggingu göngu- og hjóltreiddastíga í sveitarfélaginu með það að markmiði að auka lífsgæði og öryggi íbúa og um leið hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og vísar því til Skipulags- og umhverfisnefndar og stýrihóps NÍN til frekari umræðu.*

**8. Markaðsstofa Norðurlands; Átak í merkingu gönguleiða á Norðurlandi - 2004011**

Lagt fram erindi frá Hjalta Páli Þórarinssyni f.h. Markaðsstofu Norðurlands, dags. 15.04.2020 um hugmynd um átak í merkingu gönguleiða á Norðurlandi. Átakið hefur tvíþættan tilgang, annars vegar að styrkja innviði ferðaþjónustunnar á Norðurlandi og hins vegar til að vekja athygli á þeim fjölda gönguleiða sem eru í boði á Norðurlandi. Markaðsstofan hefur nú þegar frétt af áformum nokkurra sveitarfélaga um að gera eitthvað í þessa veru. Með því að sameina kraftana undir einum hatti er hægt að auka slagkraft verkefnisins út á við og nýta í markaðssetningu.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið enda er verkefni á vegum NÍN sem fellur vel að erindinu.*

**9. Fjölmenningsstefna - 1910008**

Lögð fram fyrstu drög að fjölmenningsstefnu Þingeyjarsveitar.

*Samþykkt samhljóða að vísa drögunum til umræðu og frekari vinnu og útfærslu í*

*Félags- og menningarmálanefnd.*

## **10. Skýrsla sveitarstjóra - 1903026**

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni úr starfi sveitarfélagsins síðustu vikur.

*Umfang vinnu vegna COVID-19 er enn töluvert og mikið af fundum því tengt. Viðbragðsteymi Þingeyjarsveitar fundar reglulega og nú síðast til þess að fara yfir tilslakanir samkomubanns 4. maí n.k. Ýmis þjónusta á vegum sveitarfélagsins mun þá falla aftur í fyrra horf en áfram verða takmarkanir. Fjöldamörk munu miðast við 50 einstaklinga í stað 20 áður og regla um tveggja metra fjarlægð haldast óbreyttar. Takmörkunum á skólastarfi verður aflétt og hefðbundið skólastarf mun hefjast í grunn- og leikskólum sveitarfélagsins frá og með mánudeginum 4 maí. Bókasöfn sveitarfélagsins munu opna á ný. Skrifstofa sveitarfélagsins opnar á ný og starfsemin verður hefðbundin. Félagsstarf eldri borgara, Opið hús, mun hins vegar ekki hefjast aftur fyrr en í haust. Áfram verður boðið uppá heimkeyrslu á vörum í samstarfi við Dalakofann út maí fyrir þá einstaklinga sem sannarlega tilheyra viðkvæmum hópum og geta ekki nálgast þær sjálfir. Íþróttamiðstöðin á Laugum, líkamsræktarsalur og sundlaug, verður áfram lokað.*

*Reglulegir upplýsingafundir eru haldnir með aðgerðarstjórn á svæði lögreglustjórans á Norðurlandi eystra þar sem farið er yfir stöðu mála. Á síðasta stöðufundi sem haldinn var 29. apríl var greint frá því að á Norðurlandi eystra er nú enginn í einangrun og 29 eru í sóttkví. Tekin eru sýni daglega en ekki hafa greinst smit í umdæminu í 26 daga.*

*Mikið er um aðra stöðufundi með hinum ýmsu aðilum vegna COVID-19, nú síðast með Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (SSNE), Markaðsstofu Norðurlands, Byggðastofnun, Framsýn stéttarfélagi, Samtökum atvinnurekenda á Norðausturlandi (SANA), Sparisjóði Suður-Þingeyinga o.fl. Þá er sameiginlegur fundur bæjar- og sveitarstjóra með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á dagskrá næsta mánudag. Einnig hefur verið boðað til samráðs- og upplýsingafundar í næstu viku með Mývatnsstofu og ferðaþjónustuaðilum í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi ásamt fulltrúum sveitarfélaganna.*

*Ákveðið var á fundi samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um sameiningu að breyta tímaáætlun Þingeyings vegna COVID-19 og færa vinnu starfshópa fram í ágúst og íbúafundi fram til haustsins. Áfram verður gert ráð fyrir að sveitarstjórnir fái álit samstarfsnefndar til afgreiðslu í desember og kosningar um sameiningu fari fram í mars 2021.*

*Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing og Langanesbyggð sendu frá sér sameiginleg bréf á dögunum til Landsnets, Landsvirkjunar og Landgræðslunnar þar sem vakin er athygli á því atvinnuleysi sem við blasir og þá sérstaklega hjá ungu fólki. Fyrirspurnin var hvort fyrrgreind fyrirtæki gætu lagt lóð á vogarskálar með því að bjóða ungu fólki sértæk störf í sumar á okkar svæði, hvort ekki væru tækifæri og verkefni á þeirra vegum sem hægt væri að koma á strax í sumar og minnka þannig atvinnuleysi og afkomubrest ungs fólks.*

*Afgreiðsla ársreiknings sveitarfélagsins seinkar, fyrri umræða er áætluð 28. maí og seinni umræða og afgreiðsla 11. júní en upphaflega var áætlað að afgreiða reikninginn 14. maí.*

*Nýr starfsmaður, Björn Guðmundsson verkefnastjóri hóf störf hjá sveitarfélaginu 1. apríl s.l. Björn mun hafa umsjón með ýmsum verkefnum og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Framundan er bygging leiguíbúða, gatnagerð, endurnýjun salernisaðstöðu og ýmsar viðhaldsframkvæmdir.*

*Nýr slökkvibíll Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er væntanlegur í næstu viku. Um er að ræða sérútbúinn Iveco slökkvibíll fyrir Vaðlaheiðargöng, sem nýtist einnig í annarri starfsemi slökkviliðsins. Slökkvibúnaður er One-Seven 1300 froðukerfi og 850 lítra vatnstankur, slökkvimáttur úr slíku froðukerfi er til jafns við um 6.000 lítra af vatni. Einnig er björgunarbúnaður, klippur, glennur o.fl. í bifreiðinni.*

**11. Samstarfsnefnd um sameiningarferli - Fundargerðir - 1906023**

Fundargerð 9. fundar Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

*Lögð fram til kynningar.*

**12. Vatnajökulspjóðgarður - Fundargerðir - 1810004**

Fundargerð 83. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

*Lögð fram til kynningar.*

**13. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 1804006**

Fundargerð 881. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Lögð fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 16:00

## Undirritunarsíða

Arnór Benónýsson



Undirritað af:  
Arnór Benónýsson  
1308542819  
Dags: 30.04.2020  
Tími: 16:15:00  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1614d331-  
dfe0-4949-be1f-  
ed9d83d8059b

Árni Pétur Hilmarsson



Undirritað af:  
Árni Pétur Hilmarsson  
1604764519  
Dags: 30.04.2020  
Tími: 16:10:32  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1614d331-  
dfe0-4949-be1f-  
ed9d83d8059b

Ásvaldur Ævar Þormóðsson



Undirritað af:  
Ásvaldur Ævar  
Þormóðsson  
1503582489  
Dags: 30.04.2020  
Tími: 17:01:11  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1614d331-  
dfe0-4949-be1f-  
ed9d83d8059b

Jóna Björg Hlöðversdóttir



Undirritað af:  
Jóna Björg  
Hlöðversdóttir  
1712853649  
Dags: 30.04.2020  
Tími: 16:11:49  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1614d331-  
dfe0-4949-be1f-  
ed9d83d8059b

Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson



Undirritað af:  
Sigríður Hlynur  
Helguson  
Snæbjörnsson  
0904695849  
Dags: 30.04.2020  
Tími: 16:12:21  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1614d331-  
dfe0-4949-be1f-

Sigurbjörn Árni Arngrímsson



Undirritað af:  
Sigurbjörn Árni  
Arngrímsson  
3108735359  
Dags: 30.04.2020  
Tími: 16:11:18  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1614d331-  
dfe0-4949-be1f-  
ed9d83d8059b

Margrét Bjarnadóttir



Undirritað af:  
Margrét Bjarnadóttir  
2209593769  
Dags: 30.04.2020  
Tími: 16:17:35  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 1614d331-  
dfe0-4949-be1f-  
ed9d83d8059b